

Egilsstöðum, 18. maí 2016

Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar (sameining stofnana). 672. mál.

Við undirrituð fögnum framkomnu lagafrumvarpi um sameiningu Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna í skógrækt og hvetjum til þess að það verði samþykkt því sem næst óbreytt. Undirbúningsvinnan undir ákvörðunina um að sameina var til fyrirmyndar á allan hátt af hálfu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og með aðkomu þingmanna og hagsmunaaðila. Er niðurstaðan því mjög vel ígrunduð. Frá áramótum hefur síðan verið í gangi undirbúningsvinna að sjálfri sameiningunni þar sem allt starfsfólk tilvonandi stofnunar hefur komið að auk hagsmunaaðila. Hefur sú vinna gengið vonum framár. Mikil jákvæðni og bjartsýni hefur ríkt meðal starfsfólks og niðurstaða með stefnu nýrrar stofnunar, skipurit og innleiðingarátætlun verður tilbúin til að kynna fyrir ráðherra innan skamms.

Meðal mikilvægra atriða sem fram koma í frumvarpinu eru þau sem varða réttindi starfsfólks nýrrar stofnunar, þ.e. í 2. gr. frumvarpsins vegna núverandi starfsfólks Skógræktar ríkisins og í 11. gr. vegna starfsfólks landshlutaverkefnanna. Ekki er lögð til efnisleg breyting, en þar mætti þó samræma texta. Lokaorð 11. greinar „*eða eftir atvikum ákvæðum laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002.*“, eiga við um allt starfsfólk verðandi stofnunar og ættu því einnig að vera lokaorð 2. gr.

Annað mikilvægt atriði varðar samráð við skógareigendur (6. gr.). Þar er gert ráð fyrir formlegu samráði bæði við skógareigendur í hverjum landshluta og á landsvísu, sem hvort tveggja er mjög mikilvægt. Við undirrituð gerum okkur fulla grein fyrir mikilvægi þessa samráðs fyrir skógareigendur og fyrir framþróun núverandi landshlutaverkefna í skógrækt innan nýrrar stofnunar. Ekki er ástæða til að formgera það samráð frekar í þessum lagatexta, en hugsanlega mætti færa ákvæði þess efnis í ný skógræktarlög eða reglugerð seinna þegar reynsla er komin á samráðið.

Loks leggjum við til að breyta 3. gr. frumvarpsins með þeirri viðbót sem er skáletruð hér að neðan:

3. gr.

1. 1. gr. laganna orðast svo:

Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf skal Skógræktin eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til skógræktar á lögbýlum í öllum landshlutum. Í

hverjum landshluta skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli.

Ástæðan fyrir þessari breytingartillögu er sú að það fórst fyrir að færa 2. msl. 1. gr. laga um landshlutaverkefni í skógrækt yfir í texta frumvarpsins. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið getur staðfest að það hafi ekki verið ætlunin að sleppa þeim málslið.

Fyrsta grein núgildandi laga um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006 hljóðar svo:

2. gr. Tilgangur og markmið.

Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf, skal eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt sem bundin eru við sérstaka landshluta. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli.

Þessi breytingartillaga felur því ekki í sér efnislega breytingu miðað við núgildandi lög. Það er afar mikilvægt að í lögum komi fram tölulegt markmið um flatarmál skóga sem stefnt er að. Þetta er einhver mikilvægasti grunnur að stefnumótun og áætlanagerð í skógrækt.

Virðingarfyllt

F.h. Skógræktar ríkisins
Þröstur Eysteinnsson
Skógræktarstjóri

F.h. Héraðs- og Austurlandsskóga
Ólöf Sigurbjartsdóttir
Framkvæmdastjóri

F.h. Suðurlandsskóga
Björn Bjarndal Jónsson
Framkvæmdastjóri

F.h. Norðurlandsskóga
Valgerður Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri

F.h. Skjólaskóga á Vestfjörðum
Sæmundur Þorvaldsson
Framkvæmdastjóri

F.h. Vesturlandsskóga
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
Framkvæmdastjóri